

**Ed.** **577. Frumvarp til laga** [237. mál]  
um breytingu á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

1. gr.

1. töluliður 7. gr. laganna orðist svo:

Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, sem unnin er á byggingarstað svo og í verksmíðju, á verkstæði eða starfsstöð. Sama gildir um vinnu við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Sú byggingaraðferð, að íbúðarhús séu smíðuð í einingum á verkstæðum eða í verksmíðjum, ryður sér nú til rúms, og ef rétt er að staðið lækkar byggingarkostnaður verulega við þessa tilhögun, auk þess sem henni fylgir margvíslegt hag-ræði fyrir þann, sem byggt er fyrir.

Nú er söluskattsinnheimtu þannig háttað, að ekki er innheimtur söluskattur af vinnu við húsbyggingar, sé hún framkvæmd á byggingarstað, en hins vegar ef hún fer fram í verksmíðjum við svokallaðar einingabyggingar.

Hér er um misræmi og misrétti í innheimtu að ræða og frv. þetta er flutt í þá veru að leiðrétta þetta misræmi, svo þessi um margt hagstæði byggingarmáti njóti sömu undanþágu og veitt er í dag við húsbyggingar séu þær framkvæmdar á byggingarstað.

Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkið greiði fyrir byggingaraðferð, sem hefur þann kost helstan að lækka hinn mikla byggingarkostnað. Því er frumvarp þetta flutt.